15. Umsókn Jóns Pálssonar um lausn frá störfum um þriggja ára skeið sökum heilsubrests. Læknisvottorð og svarbréf bankastjórnarinnar.

Hjer með leyfi jeg mjer virðingarfyllst, að beiðast þess, að hinu háa Stjórnarráði mætti þóknast að veita mjer frí, án launamissis, frá aðalfjehirðisstarfi mínu í Landsbankanum frá næstu mánaðamótum a.m.k. um 8 mánaða tíma, til þess að taka mjer hvíld og jafnframt leita mjer heilsubótar við lasleika þeim, er við mig hefur loðað nú í hálft annað ár, og sem jeg enn ekki hefi fengið bót á.

Læknisvottorð mun jeg geta látið í tje, ef þess verður óskað.

Í fjarveru minni, ~~ef til kemur~~, vænti jeg þess, ~~að jeg verði leystur frá allri ábyrgð á starfi mínu í bankanum,~~ og óska og að í minn stað verði settur á meðan, hr. bankaritari Hilmar Stefánsson, ~~enda beri hann~~ og ber ég ábyrgð á starfinu ~~og fái mis- talningarfje allt á meðan.~~ á meðan, eftir sem áður

Erindi þetta afhendi jeg háttv. bankastjórn Landsbankans, með beiðni minni um það, að hún annist afgreiðslu þess við hið háa Stjórnarráð, hið fyrsta, og láti erindinu fylgja háttv. umsögn sína um það.

Reykjavík 26. janúar 1926.

Virðingarfyllst.

[signature]

Til

Stjórnarráðs Íslands .

Samkvæmt hjálögðum læknisvottorðum, hefi ég um nokkur undanfarin ár verið svo hart haldinn af meltingar-truflunum, að ég hefi átt mjög erfitt með að gegna störfum mínum, þó ég hafi orðið að gera það. Er það álit lækna, að þessar þrautir stafi af taugaveiklun, sem að vísu muni geta læknast, en það taki all-langan tíma. Ég fór því síðastliðið vor á tauga-sjúkdóma-klinik í Kaupmannahöfn og dvaldi þar um 4 mánaða skeið, og fékk við það talsverðan bata. En þegar ég kom heim aftur, vildi brátt sækja í sama horfið, þrátt fyrir það, þótt ég hafi ekki þurft að hafa neina sérstaka áreynslu: Hvíldar-tíminn ekki verið nægilega langur.

Það er því auðsætt, að ég muni ekki fá fullan bata, nema ég megi njóta fullkominnar hvíldar og næðis í 2-3 ár, en þessa get ég ekki fengið að njóta, nema ég verði aðnjótandi mikillar velvildar af hendi Landsbankans og stjórn hans veiti mér hvíld nefnd árabil og veiti mér þó um leið nægilegt til framfæris mér og mínum.

Það er því eindregin beiðni mín til yðar, hæstvirti fjármálaráðherra, að yður mætti þóknast að hlutast til um, að fengnu áliti Landsbankastjórnarinnar, að sett verði sú athugasemd inn í fjárlagafrumvarpið fyrir 1928, að Landsbankanum sé heimilt, að leysa mig undan gjaldkerastörfunum um 3 ár, og greiða mér venjuleg biðlaun, 2/3 launa minna, þann tíma, en geti ég ekki, að þeim tíma liðnum, tekið við starfinu aftur, þá séu mér ákveðin eftirlaun, sem samsvari helmingi af launum mínum.

Reykjavík, 27. janúar 1927

Virðingarfyllst

Til

fjármálaráðherra Íslands.

Herra bankagjaldkeri Jón Pálsson í Reykjavík , hefur um mörg ár verið lasin af meltingartruflunum, sem hafa bakað honum, með köflum, mikilla óþæginda og þjáninga. Á síðastliðnu ári fór hann utan til lækningatilrauna og var þar um 4 mánuði. Hvorki hjer heima eða þar fundu menn neinar organiskar breytingar í meltingarfærunum. Aftur á móti var hann mjög taugaveiklaður, og var það því skoðun lækna, bæði hjer og í Khöfn, að þessi magaveiklun stafaði aðallega af þeim sjúkdómi. Hann var því í Höfn á taugasjúkdómaklinik (Prof. Viggo Christiansen) Batnaði honum þar svo vel, að hann mátti heita velfrískur er heim kom. En þótt hann hafi nú í vetur eigi haft neina sjerstaka áreynslu hefur fremur viljað sækja í sama horfið og áður með heilsuveiluna, og einkum ef hann hefur reynt dálítið á sig, þótt mjög lítið hafi verið.

Jeg verð því að álíta, að Jón gjaldkeri Pálsson mundi gjöra rjettast í því, að taka sjer ennþá langa hvíld frá venjulegum störfum sínum, hve langa get jeg ekki sagt um. Jeg hef enga trú á því, að hann verði vinnufær við samskonar störf og hann hefur haft á þessu ári, hvernig sem það gengur framvegis.




Reykjavík 13. Jan. 1927

(Sign) Sæm. Bjarnhjeðinsson .

At framanritað sé rétt eftirrit af mér sýndu frumriti vottast notarialiter eftir nákvæman samanburð.

Notarius publicus, í Reykjavík 28. janúar 1927

[signature]

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

Gjald: kr. 1.50 - einkróna fimmtíu aurar Greitt




Eftirrit.

Herra bankagjaldkeri Jón Pálsson verður að fá sér I/2-I árs hvíld frá störfum sínum vegna magasjúkdóms og ofþreytu.

Rvík, 28/I. 1926.

Sæm. Bjarnhéðinsson

Að ofanritað sé orði til orðs samhljóða mér sýndu frumriti vottast notarialiter eftir nákvæman samanburð.

Notarius publicus í Reykjavík 30. janúar 1926

Þórður Eyjólfsson
ftr.

Gjald
kr. 1.50 - ein króna
og fimmtíu aurar
Greitt
Þ. E.

BÆJARFÓGETINN
Í REYKJAVÍK

**Copi.**

Professor dr.med. VIGGO CHRISTIANSEN.
Tidl. Medlem af Sundhedsstyrelsen.
Leder af Rigshospitalets neurologiske Poliklinik.

HELLERUP, d. 20-5-1926.
Lille Strandvej 18.
Telf. Helrup 764.

Hr. bankkasserer Poulsson har været behandlet paa min Klinik for en ret alvorlig Nervesvækkelse. Jeg har paabudt ham i fremtiden at tage hensyn til at hans arbejdsformaaen har sine grænser, og at hans alder paabyder ham forsigtighed, han kan ellers för eller senere resikere et tilbagefald.

(Sign) Viggo Christiansen.

Að framanritað sé rétt eftirrit af mér sýndu frumriti vottast notarialiter eftir nákvæman samanburð.

Notarius publicus í Reykjavík 28. januar 1927

Þórður Eyjólfsson
ftr.

Gjald:
kr. 1.50 - ein króna og fimmtíu aurar
Greitt
B.E.

ÍSLAND 50 au STIMPILMERKI

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

# LANDSBANKI ÍSLANDS

TELEGR. ADR.: „NATIONALBANK"
CODES:
A. B. C. 5th. Ed.
LIEBERS STANDARD
PETERSON'S INTERNATIONAL BANKING

REYKJAVÍK, 5. febr. 1926
(ICELAND)

Í dag hefur fjármálaráðuneytið skrifað oss á þessa leið út af erindi yðar dags. 27. f.m.

"Með brjefi dags. 4.þ.m. hefir hin háttvirta bankastjórn sent hingað erindi frá aðalfjehirði Landsbankans, hr. Jóni Pálssyni dags. 27.f.m., þar sem hann beiðist þess að sjer sje veitt frí án launamissis,a.m.k. 8 mánaðatíma, til hvíldar og heilsubótar, og hefir bankastjórnin mælt með því að honum verði veitt umrætt leyfi í 8 mánuði.

Útaf þessu vill ráðuneytið tjá bankastjórninni, til birtingar fyrir aðalfjehirði hr.Jóni Pálssyni, að honum er veitt leyfi frá starfi hans um 8 mánuði, til heilsubótar, án þess að hann þann tíma missi af lögmæltum föstum launum sínum og dýrtíðaruppbót.

Jafnframt vill ráðuneytið beiðast þess að bankastjórnin sendi hingað ákveðnar tillögur um ráðstöfun starfsins í fjærveru aðalfjehirðis."

Virðingarfyllst

Landsbanki Íslands

[signature]

Til

aðalfjehirðis Jóns Pálssonar,

Reykjavík.

Með bréfi hins háa fjármálaráðuneytis, dags. 24. marz f. ár, fékk ég framlengdan hvíldartíma minn frá starfi mínu í Landsbankanum til 1. febrúar næstk. og var það tekið fram, að eftir þann tíma yrði ég annaðhvort að taka við starfinu, eða ef ég þá yrði eigi fær um, heilsu minnar vegna, að taka við því, þá yrði ég að fara frá, með eftirlaunum, sem þá yrði ákveðin.

Með því nú að hvíldartími minn hefir orðið heilsu minni til mikilla bóta, en þó eigi svo, að ég treysti mér til að hafa jafn-erviðu starfi að gegna í bankanum fyrst um sinn, eins og ég hafði áður, eða frá 1912, en vil hinsvegar ógjarnan leggja árar í bát og hætta störfunum að óreyndu, leyfi ég mér hérmeð virðingarfyllst, að snúa mér til hins háttvirta bankaráðs Landsbankans, með þau tilmæli mín, að því mætti þóknast að gjöra þá ráðstöfun í þessu efni, a. m. k. um tíma og til reynslu, að mér verði falið að gegna gjaldkerastörfum í sparisjóðs- og veðdeildum bankans, með ábyrgð á þeim störfum og mistalningarfé er þeim fylgir, en með óbreyttum launakjörum að öðru leyti og án þess að réttur minn til eftirlauna breytist við þá tilhögun.

Læknisvottorð leyfi ég mér að senda hér með.

Reykjavík, 25. Janúar 1928.

Virðingarfyllst

[illegible]

aðalféhirðir

Til

bankaráðs Landsbankans í Reykjavík